

# RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

## Hvert er verðgildi búfjáraburðar?

Í grein í Bændablaðinu nr. 5/2013 bls. 42 reyndi Ríkharrð Brynjólfsson að nálgast verð hreinna efna í áburði. Eins og fram kemur í grein Ríkharrðs eru margir fyrirvarar og erfitt að reikna verð næringarefna nákvæmlega þar sem margir þættir geta haft áhrif á þessa útreikninga.

Hér á eftir verður stuðst við gróft meðalverð en ekki endilega lægsta verð hverju sinni, stuðst er við útreikninga Ríkharrðs. Meðalverð á N (köfnunarefni) er því reiknað á 260 kr., meðalverð á P (fosfór) er reiknað á 350 kr., og K (kalí) á kr. 145.

En hvert er svo verð búfjáraburðar? Með því að gefa sér ákveðnar forsendur um áburðarpörf túns í góðri ræktun og nýta sér jarðræktarforritið jörð.is við að meta áburðargildi búfjáraburðar miðað við ákveðnar forsendur (sjá töflu hér að neðan), má áætla að með því að hámarka nýtingu á búfjáraburði erum við að tala um verðmæti pr. ha upp á 19.300 – 22.900 kr.

## Verðgildi búfjáraburðar?

	N	P	K	
<b>Dæmi um áburðarpörf pr. Ha.</b>	<b>115</b>	<b>15</b>	<b>50</b>	
Ódýrasta lausn með tilbúin áburð til að uppfylla þarfir.				um það bil 45,000
7 tonn kindaskít mjög góð meðferð, reiknað út frá kalí þörf	28	14	50	19,430
8 tonn kindaskít mjög góð meðferð, reiknað út frá fosfór þörf	30	15	54	20,880
12 tonn kindaskít slæm meðf. Reiknað út frá kalí þörf	20	20	49	19,305
<b>Verðmæti 7-12 tonna kindaskíts að lágmarki</b>				<b>19,300</b>
<b>Sama dæmi áburðarpörf</b>	<b>115</b>	<b>15</b>	<b>50</b>	
Ódýrasta lausn með tilbúin áburð til að uppfylla þarfir.				45,000
19 tonn kúam 6.2 % þurrefni mjög góð meðf.reiknað út frá kalí þörf	31	12	50	19,510
21 tonn kúam 6.2 % þurrefni mjög góð meðf.reiknað út frá fosfór þörf	36	15	57	22,875
31 tonn kúam 6.2 % þurrefni slæm meðf.reiknað út frá kalí þörf	23	19	49	19,735
24 tonn kúam 6.2 % þurrefni góð meðf.reiknað út frá fosfór þörf	18	15	38	15,440
<b>Verðmæti 19-31 tonn af kúamykju að lágmarki</b>				<b>19,500</b>

Hversu mikið magn og verðmæti er þá verið að ræða um? Við höldum áfram að styðjast við tölur úr jörð.is og þá gefa 100 kindur með 6 mánaða innistöðu af sér um 36 tonn af skít sem þýðir að frá 400 kindu búi falli til um 144 tonn af hreinum skít. Við bestu aðstæður dygði þetta



# RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

magn á um 18 ha., verðmætið væri á ha. um 20.880 kr. sem þýðir að lækka mætti áburðarkaup á um 18 ha. um 375,800 miðað við gefnar forsendur.

Eins mætti meta verðmæti búfjáraburðar á kúabúi, 10 fullorðnir gripir með 9 mánaða innistöðu leggja frá sér um 191 tonn af 6,2 % þurrefnisríkri mykju (haugsugumykja). Samkvæmt því mætti reikna með að á 50 kúa búi falla til um 955 tonn af vatnsþynntri mykju. Miðað við t.d. að uppfylla fosfór þörf og bera þá aðeins ríkulega á af Kalí þannig að aðeins væri þörf á N áburði, þyrfti þá um 21 tonn á ha. að verðmæti um 22,878 kr. Magn sem fellur til á 50 kúa búi dugar þá á um 45 ha. og því er verðmæti búfjáraburðarins í þessu tilfalli um 1.030.000.

Hefur nokkur bóndi í dag efni á að láta þessi verðmæti fara forgörðum?

Sigurður Jarlsson, ráðunautur í jarðrækt hjá RML.